

**1998 nr. 64 12. júní****Íþróttalög**

**Tóku gildi 18. júní 1998.** *Breytt með:* L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 124/2012 (tóku gildi 1. mars 2013). L. 45/2019 (tóku gildi 1. ágúst 2019 nema brbák. I sem tók gildi 1. júní 2019). L. 89/2021 (tóku gildi 8. júlí 2021). L. 61/2023 (tóku gildi 7. júlí 2023). L. 107/2023 (tóku gildi 11. jan. 2024).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og barnamálaráðherra** eða **mennta- og barnamálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti.

□ Lögin taka ekki til íþróttaiðkunar er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva.

**■ 2. gr.**

□ Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnastarf.

□ [Í íþróttastarfi með börnum skal velferð og farsæld þeirra höfð að leiðarljósi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2023, 40. gr.

**■ 3. gr.**

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar ráðuneytið upplýsinga um iðkun íþróttá í landinu og aðstöðu til íþróttastarfs og stuðlar að rannsóknnum á sviði íþróttamála.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 271. gr.

**■ [3. gr. a.**

□ Ráðherra stendur fyrir lyfjaeftirliti í íþróttum í samræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar og skal veitt til þess framlag úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

□ Ráðherra er heimilt að fela þar til bærum aðila framkvæmd lyfjaeftirlits með þjónustusamningi sem gerður er til allt að fimm ára í senn. Í samningnum skal kveðið á um:

a. skilmála sem ráðuneyti setur fyrir ráðstöfun fjárframlags til lyfjaeftirlits úr ríkissjóði,

b. málsmæðferð við lyfjaeftirlit og þau verkefni sem ríkissjóður greiðir fyrir,

c. helstu áherslur og markmið samningsaðila og

d. mat og eftirlit með framkvæmd lyfjaeftirlits.

□ Aðila sem falin er framkvæmd lyfjaeftirlits með samningi skv. 2. mgr. er skylt að láta ráðuneytinu í té allar þær upplýsingar og gögn sem það þarfnast vegna eftirlits með starfsemi hans og fjármálum.

□ [Aðila sem fer með framkvæmd lyfjaeftirlits er heimil vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, að því marki sem nauðsynlegt er í þeim tilgangi að sinna lyfjaeftirliti, um lyfja- og vímuefnanotkun og heilsufar þegar íþróttamaður fer í lyfjapróf ef grunur leikur á eða ábendingar berast um að hann hafi neytt efna eða beitt aðferðum sem bannaðar eru samkvæmt Alþjóðalyfjaeftirlitinu. Samkeyrsla skráa aðila sem fara með framkvæmd lyfjaeftirlitsins við kennitölur félagakerfis Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er heimil í tengslum við athugun á meintri lyfja- og vímuefnanotkun, m.a. í tengslum við uppljóstrunarkerfi.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra getur, að fengnum tillögum aðila sem falin er framkvæmd lyfjaeftirlits með samningi skv. 2. mgr., sett

gjaldskrá fyrir lyfjaeftirlit og aðra þjónustu sem veitt er á grundvelli slíks samnings.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 89/2021, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 124/2012, 1. gr.

**■ 4. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar íþróttanefnd, en í henni eiga fimm menn sæti. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tillögu stjórnar Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Ungmennafélags Íslands, einn samkvæmt tillögu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og einn samkvæmt tillögu íþróttakennaraskorar Kennaraháskóla Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

□ Hlutverk íþróttanefndar er að veita [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> ráðgjöf í íþróttamálum. Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum og um úthlutun fjár úr Íþróttasjóði, sbr. 8. gr.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 271. gr.

**■ 5. gr.**

□ Íþróttastarfsemi utan skóla byggist á frjálsu framtaki landsmanna.

□ Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Ungmennafélag Íslands eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþróttá.

**■ 6. gr.**

□ Landið skiptist í íþróttahéruð. Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.

**■ 7. gr.**

□ Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

□ Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

**■ 8. gr.**

□ Alþingi veitir árlega fé í Íþróttasjóð til eflingar íþróttum í landinu. Íþróttanefnd hefur umsjón með Íþróttasjóði og gerir tillögur til [ráðherra]<sup>1)</sup> um úthlutun fjár úr sjóðnum, sbr. 4. gr.

□ Framlög úr Íþróttasjóði má veita til:

1. sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar,

2. útbreiðslu- og fræðsluverkefna,

3. íþróttarannsóknna,

4. verkefna skv. 13. gr. laga þessara.

□ Óheimil er að skuldbinda Íþróttasjóð til framlaga umfram það sem árlegt ráðstöfunarfé hans leyfir.

□ Í reglugerð,<sup>2)</sup> sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur að fengnum tillögum íþróttanefndar, má kveða á um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði og hvernig umsóknnum og úthlutun skuli hagð.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 271. gr. <sup>2)</sup> Rg. 803/2008.

**■ 9. gr.**

□ Um styrki úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka íþróttafólks fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum.

**■ 10. gr.**

□ Um tekjuöflun íþróttasamtaka með getraunastarfsemi er mælt í sérstökum lögum um þau efni.

■ **11. gr.**

□ Í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins skulu íþróttir kenndar og iðkaðar svo sem nánar er kveðið á um í lögum, reglugerðum og námskrám sem um þá skóla gilda.

□ Öll börn á landinu skulu læra sund nema þau séu talin ófær til þess að mati læknis.

■ **12. gr.**

□ Ríkið starfrækir menntastofnun sem annast menntun íþróttakennara samkvæmt lagaákvæðum um þá starfsemi.

■ **13. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt. Fjárhagsleg aðild ríkisins að slíku samstarfi er háð fjárveitingum í fjárlögum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 271. gr.

■ **14. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> hefur forgöngu um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar íþróttáahöld og annan búnað.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 271. gr.

■ **15. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur í reglugerð<sup>2)</sup> sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 271. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 388/2018.

■ **16. gr.**

□ Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum sem falla undir

lög þessi og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í íþróttastarfi einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, [211. eða 218. gr.]<sup>1)</sup> almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

□ [Stjórnendur þeirra aðila sem falla undir lög þessi og sinna íþróttastarfi barna og ungmenna undir 18 ára aldri eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn umsækjandi um starf á þeirra vegum hefur hlotið dóm vegna brota sem 1. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans. Á þetta einnig við um upplýsingar um þá sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 61/2023, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 45/2019, 9. gr.

■ **[16. gr. a.]**

□ Öllum þeim sem starfa á grundvelli laga þessara ber að fylgjast með velferð og farsæld barna, leitast við að greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við þeim, sbr. ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2023, 41. gr.

■ **[17. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

<sup>1)</sup> L. 45/2019, 9. gr.